

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2018

4. tbl. 25. árg.



Systrasamlagið

Er um á Óðinsgötu 1

Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.
sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við
Hafsteinn Vilhelmsson
hverfishetju Breiðholts

Stóra upplestrarkeppnin
í Breiðholti

Daníel Blær og Ísabella Ósk í fyrsta og þriðja sæti

Daníel Blær Þórisson og Ísabella Ósk Kristínardóttir í Hólabrekkuskóla voru í fyrsta og þriðja sæti í Stóru upplestrarkeppninni sem fram fór í Breiðholtskirkju fimmtudaginn 22. mars sl. Daníel Blær í fyrsta og Ísabella Ósk í þriðja.

Í frétt frá Hólabrekkuskóla segir að þau hafi undirbúið sig mjög vel, verði dugleg að æfa sig fyrir keppnina og tekið tilsögn mjög vel. Árangurinn hafi heldur ekki látið á sér standa. Upplestur þeirra hafi verið stórglæsilegur og uppskeran eftir því. Meira um Stóru upplestrarkeppnin á bls. 10.



Ísabella Ósk og Daníel Blær með viðurkenningar fyrir þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.
Mynd: Kátrín Kristín.



Frá kl. 11-16

Hádegis tilbod

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,33 cl gos 1.000 KR.

MIBSTÆRÐ
af matsæli og 0,33 cl gos 1.500 KR.

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Herdi's
Rauðarárstíg 41



**Pitt hverfi hefur hækkað
einna mest síðastliðið ár.**

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**ÓDÝRARI LYF Í
HÓLAGARÐI**

Apótekið
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

LAMBAKJÖT Á TILBOÐI

Lambalundir 4.498 kr/kg

Lambafilé m/fitu 3.936 kr/kg

Lambaprime 3.479 kr/kg

Lambainnalæri 3.479 kr/kg

Lamba sirlon 1.698 kr/kg

Kindafilé 2.998 kr/kg

Nýtt í kjötborði:
Djúpsteiktar franskar
kartöflur

SELJAKJÖR

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

4. tbl. 25. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Fjölbreytt byggð

- en ýmis verk að vinna

Þótt Breiðholtið sé eitt af hverfum Reykjavíkurborgar þá hefur það flest til að bera að vera sjálfstæður bæ – bæ í borginni. Byggðin er landfræðilega afmörkuð af náttúrunnar hendi og einnig af umferðaræðum en aðeins ein breiðgata Breiðholtsbrautin liggur í gegnum byggðina. Í Breiðholtiinu er Mjóddin eini yfirbyggð miðbæjarkjarninn hér á landi. Breiðholtið er fjölmennasta og einnig fjölbreyttasta byggð landsins afmörkuð og rík af fjölmenningu.

Saga Breiðholtsins er sérstök. Upphaf hennar má rekja til kjarasamninga árið 1964 þegar stjórnvöld lands og borgar tóku höndum saman um að draga úr notkun á heilsuspillandi húsnæði í höfuðborginni. Nokkru sem lengi hafði fylgt Reykjavík vegna þess að fólk streymdi þangað víðs vegar af landinu líkt og það gerir enn.

Breiðholtið var byggt með miklum hraða. Uppbygging þess tók skemmri tíma en annarra byggða eða innan við áratug. Nokkrir gallar komu vissulega fram við skipulag þess en á sumum þeirra hefur verið unnið í dag.

Upphafi var gert ráð fyrir þjónustukjörnum inn í íbúðabyggðunum. Því miður var ekki vandað nægilega til bygginga þar á sínum tíma og þær hafa illa staðist tímans tönn. Með miklum breytingum á markaði daglegar nauðsynjavöru dró úr vægi þessara þjónustukjarna. Verslanir hættu eða hurfu á braut.

Nú er önnur öld og önnur sjónarmið. Nú vill fólk í Nauknum mæli geta nálgast daglegar nauðsynjavörur og þjónustu í göngufæri frá híbýlum sínum í stað þess að sækja þær í einkabílum að útjöðrum borgarmarkna.

Hverfalýðræði er nokkuð sem flest bendir til að muni þróast á næstu árum. Breiðholtið er einhver best skipulagða byggðin í höfuðborginni til þess að þróa þá skipun stjórnsýslu. Stjórnskipun þar sem að íbúar kjósa sjálfir í hverfisráð sem hafa síðan ákveðnar fjárheimildir til að sinna nærþjónustu sem þeim er falin. Enn eru ýmis verk að vinna í Breiðholti bæði í umhverfinu og í stjórnsýslunni.

Almenningssalernin við Strætó í Mjódd opnuð á ný

- ekki allir sáttir við gjaldtöku

Nýlega voru almenningssalernin í skiptistöð Strætó í Mjóddinni opnuð að nýju við formlega athöfn en þeirra hafði verið beðið í allnokkrum tíma. Verkfræðistofan Verkís og einkahlutafélagið Sannir landvættir standa að rekstri og uppbyggingu salernanna. Nýmæli er að nú verða notendur að greiða 200 krónur fyrir salernisferðina og mun þetta vera í fyrsta skipti sem klósettgjald er innheimt hér á landi en það er vel þekkt í mörgum löndum. Ætlunin er að fara af stað með uppbyggingu snyrtaðstöðu einkum á fjölförnum ferðamannastöðum á næstunni og er skiptistöð Strætó í Breiðholti fyrsti staðurinn þar sem þessi aðstaða er tekin í notkun.

Einkahlutafélagið Sannir landvættir munu sjá um rekstur salernisins. Það er í eigu verkfræðistofunnar Verkís og Bergrisa hugbúnaðar ehf. Með stofnun Sannra landvætta er ætlunin að stuðla að uppbyggingu einkarekinna salerna um allt land í samvinnu við landeigendur, sveitarfélög og ríki. Sannir landvættir bjóða upp á fjármögnun, hönnun og framkvæmd við uppbyggingu ferðamannastaða án kostnaðar eða útgjalda fyrir landeigendur. Íslandsbanki er bakhjarl verkefnisins og mun annast fjármögnun. Í kynningu á fyrirtækinu segir að Sannir landvættir hafi mikla sérfræðiþekkingu og annist



Þarna verður fólk að borga 200 krónur annað hvort með peningum eða korti til að komast á snyrtingu.

alla þætti framkvæmda við ferðamannastaði. Má þar nefna atriði eins og skipulag og hönnun, jarðvinnu, gerð bílastæða, salernisaðstöðu, göngustíga, útsýnispalla, starfsmannaáðstöðu, upplýsingaskilti og öryggisráðstafanir. Jafnframt mun fyrirtækið leggja til búnað og hugbúnað til að hefja gjaldtöku af þjónustu á viðkomandi stöðum.

Ekki allir sáttir

Þótt margir farþegar Strætó muni eflaust fagna því að snyrtaðstaðan hafi aftur verið opnuð eru ekki allir jafn ánægðir með framtakið. Samtökin Pepp Ísland, samtök

fátæks fólks hafa mótmælt gjaldtökunni harðlega og sagt að um græðgisvæðingu sé að ræða sem nú ná til líkamsstarfsemi fólks. Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að gjaldheimtan muni lenda á þeim sem síst megi við henni. Börn, ungmenni og tekjulágt fólk noti einkum almenningssamgöngur og það eigi að vera sjálfsögð þjónusta við fólk að notendur hafi frían aðgang að snyrtingu þurfi þeir á henni að halda.

Þá hefur Breiðholtsblaðið heimildir fyrir því að Sannir landvættir muni einnig taka við rekstri almenningssalernanna í Mjóddinni.

Færðu skólanum sínum hugarfóstur

Þær Hanna Mae Isorena Guðjónsdóttir og Hólmfríður Erla Davíðsdóttir, nemendur í 10. MA í Seljaskóla komu færandi hendi til skólastjórnenda og gáfu skólanum verk sem þær unnu á liðinni haustönn.

Þær hafa verið við nám í þrívíðri hönnun í vali hjá Dagnýju Sif Einarsdóttur, myndlistarkennara. Þær kalla verkið Sofðu unga ástin mín og sýnir það ungabarn sem liggur á handlegg. Sannkallað hugarfóstur. Verkinu hefur verið komið fyrir í sýningaraskáp á gangi skólans.



Hanna Mae Isorena og Hólmfríður Erla með verkið sem sýnir ungabarn liggjandi á handlegg.



GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir Pantaðu tiltekt á appotek.is eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

nokian
TYRES

KEYRÐU Á ÖRYGGI!

Kauptu Nokian gæðadekk á frábæru verði!

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt allskonar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða og tryggir öryggi farþega bílsins.

FINNDU
DEKKIN ÞÍN
Á **MAX1.IS**

VERÐDÆMI:
NOKIAN LINE
205/55 R16
4 stk m/ásetningu
48.100 KR.*

VERÐDÆMI:
WR D4
205/55 R16
4 stk m/ásetningu
60.100 KR.*

VERÐDÆMI:
NOKIAN LINE SUV
235/55 R17
4 stk m/ásetningu
90.292 KR.*

VERÐDÆMI:
NOKIAN WR SUV3
235/55 R17
4 stk m/ásetningu
98.282 KR.*

*FAST VERÐ



Bíldshöfða 5a
Reykjavík
S. 515 7190

Jafnaseli 6
Reykjavík
S. 515 7190

Dalshrauni 5
Hafnarfirði
S. 515 7190

Opnunartími:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga sjá MAX1.IS

MAX1.IS

VIÐTALIÐ

Forréttindi að fá að vinna með börnum og ungmennum

- segir Hafsteinn Vilhelmsson sem var tilnefndur ein af hverfishetjum Breiðholts í síðasta mánuði

Hafsteinn Vilhelmsson var tilnefndur ein af hverfishetjum Breiðholts í síðasta mánuði. Hann var tilnefndur fyrir að hafa gefið sig allan í skapandi félagsmiðstöðvastarf í Breiðholti síðastliðin tíu ár, þrátt fyrir ungan aldur. “Það var gaman að fá þessa viðurkenningu og deila henni með tveimur öðrum sem hafa unnið mikið í Breiðholti. Sem strákur kom ég mikið í Leiksport til Braga sem deilir nú þessari viðurkenningu með mér ásamt Luis Lucas danskennara með meiru. Hann var unglingur hjá mér í félagsmiðstöðinni Hundrað og ellefu virkilega flottur strákur.” Hafsteinn hefur sett á svið leikrit, staðið fyrir kvikmyndahátíðum, tónleikum, hæfileikakeppni og mörgu fleiru í frístundamiðstöðinni Miðbergi. Hann lauk námi í leiklist og kvikmyndagerð við Kvikmyndaskóla Íslands fyrir nokkrum árum og hefur einkum starfað við verkefni tengd sínu fagi. Þar á meðal fór hann með hlutverk í spennuþættinum Pressu á Stöð 2 þar sem Hafsteinn lék einn úr glæpagenginu, lék í leiksýningunni Smán sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu og fleira. En hver er Hafsteinn Vilhelmsson. Hann spjallaði við Breiðholtsblaðið á dögum.

“Ég er fæddur á Sri Lanka árið 1984 en var ættleiddur til Íslands nokkurra vikna gamall af hjónunum Margréti Ingibjörgu Hafsteinsdóttur og Vilhelm Einarssyni. Ég kom hingað í desember sama ár. Þau ættleiddu einnig stúlku á sama tíma, Hlíf Sigríði sem er á sama aldri og ég og þótt við séum ekki blóðskyld erum við alin upp eins og tvíburar og gætum ekki verið meiri systkini

Vakti athygli að ég talaði íslensku

Hafsteinn er fremur dökkur á hörund eins og fólk á Sri Lanka en ólst upp sem hver annar Íslendingur og var ekki að velta því fyrir sér að hann væri eitthvað öðruvísi fyrr en aðrir fóru að veita því athygli. Börnin í leikskólanum veittu hörundslitnum athugi og spurðu hann af hverju hann væri svona brúnn og hann svaraði að bragði “af því að ég borða svo mikið súkkulaði”. Og þar með var málið afgreitt. Hafsteinn

segir að útlit hans hafi strax vakið athygli enda færri börn af erlendum uppruna þegar hann var að alast upp en síðar varð. “Mörgum fannst ég merkilegur sem krakki og oft vakti athygli að ég talaði lýtalausa íslensku. Það eru til ýmsar fyndnar sögur af því þegar fólk uppgötvaði það. Ein er sú að ég vann að sumri til sem sendill og eitt af því sem ég þurfti að gera var að fara með mjólki á Hrafnistu í Hafnarfirði. Einn daginn var ég eitthvað þreyttur og fékk mér smá blund í matsal heimilisins. Þegar ég vaknaði sátu nokkrar eldri konur við borðið. Þegar ég vaknaði og sá þær bauð ég góðan dag. Þær hrukku þær í kút og sögðu “heyrðu þú talar íslensku.” Ég ólst upp með íslensku sem móðurmál og hef aldrei lært stakt orð í móðurmáli blóðfjölskyldu minnar. Ég hef aldrei lagst í tungumálanám og eina tungumálið fyrir utan íslenskuna sem ég get notað er enska. Hún kemur bara með þörfinni.”

Gat hlupið yfir til ömmu

Hafsteinn er alinn upp í Breiðholti. “Já – ég er alin upp í Breiðholti og tel mig mjög heppinn að hafa átt æsku mína þar. Við bjuggum í Krummahólunum en Hlín amma mín átti heima í Gyðufellinu. Við vorum miklir vinir og ég hjólaði oft yfir til hennar. Þetta var það stutt að mamma gat fylgst með mér úr eldhúsglugganum fram að íþróttahúsinu og þar tók amma við úr sínum glugga. Skólagangan hófst í Hólaborg. Þetta er afskaplega þægilegt svæði. Leiðin lá þaðan yfir í Hólabrekkuskóla og í FB og þá var stutt fyrir götuna í Miðberg.”

Kitta losnaði ekki við mig

Hafsteinn kynntist fyrst félagsstarfinu í Fellahelli. “Ég náði náði aðeins í hann þegar ég var í áttunda bekk. Í unglingsvinnunni í áttunda bekk var ég í ungmennahóp sem hafði fengið það verkefni að taka þátt í að flytja Fellahelli yfir í Miðberg. Þá voru keyptar nýjar græjur sem voru enn þá þegar ég kom sem starfsmaður. Það var gaman.” En hvernig stóð á að hann lenti í Miðbergi. “Ég var að leita mér að vinnu. Ein vinkona mín fékk viðtal fyrir mig hjá Krístrúnu Lilju eða Kittu í Miðbergi eins og hún er jafnan kölluð. Ætlaði nú bara að vera þarna í stutta stund.



Vinirnir Hafsteinn Vilhelmsson og Kári Sigurðsson. „Við vinnum vel saman, þurfum ekki lengur að hittast til að skipuleggja viðburðina,” segir Hafsteinn.

Kitta sagðist vilja gefa mér eina reynslu vakt sem hún gerði en svo fór að hún losnaði ekki við mig. Ég er reyndar hættur þar núna og starfa hjá RÚV. Tími minn í Miðbergi var einn af mínum uppáhalds tímum. Þar kynntist ég ótal unglungum hæfileikaríkum og flottum og eignaðist helling að nýjum vinum í starfsmannahópi Miðbergs og margir hverjir eru mínir bestu vinir. Ein þeirra er sambýliskona mín og barnsmóðir í dag.”

Tónleikar á ÍR vellinum

Eitt af því sem Hafsteinn stóð fyrir á þeim tíma var að endurskipuleggja hátíð sem bar heitið Hólmstokk og voru styrktartónleikar “Við Kári Sigurðsson vinur minn ákváðum að fara aðeins lengra með Hólmstokk. Við vinnum vel saman, þurfum ekki lengur að hittast til að skipuleggja viðburðina. Við vissum hvað hver gerði og þössuðum okkur á að stíga ekki inn á svið hvors annars. Við ákváðum að vera með stærri tónlistarhátíð og halda hana úti. Þetta ar árið 2010. Við fengum pláss fyrir hana á ÍR vellinum. Þar spiluðu fjöldinn allur af tónlistarmönnum. Þar á meðal Haffi Haff og Skítamóráll ásamt mörgum fleirum. Þetta er einn af stærri viðburðum sem haldnir

hafa verið í Breiðholti. Annar góður vinur minn Hallur Ingi Pétursson hefur unnið með mér við marga af þeim viðburðum sem ég hef átt aðild að. Við erum góðir saman. Hann er fremur rólegur og jarðbundinn. Ég á stundum til að fyllast draumörum. Þetta samstarf hélt okkur svona rúmlega á núllinu.” Þeir settu nokkra söngleiki upp í Breiðholti. Í eitt skipti var Grease söngleikurinn um Sandy og Danny sem John Travolta og Olivia Newton John gerðu frægan í bíómynd fyrir valinu. “Við settum hann upp með krökkum úr áttunda til tíunda bekk úr öllu Breiðholti. Í annað sinn fengum við tónlistasníllinginn Þórð Gunnar sem einnig er Breiðhylltingur og settum við Footloose á svið. Söng- og dansverk um unglings sem flytur frá Boston til lítills bæjar í Suðurríkjunum þar sem dans hafði verið bannaður og tekur að mótmæla banninu. “Þar vorum við með sprengjur og “stage floss” og þurftum við að redda sprengjuleyfi. Það var enginn vandi að fá krakka til þess að koma og taka þátt í þessum verkefnum þó að þetta væri heilmikil vinna. Við settum báðar þessar sýningar upp í Breiðholtsskóla enda góð aðstaða þar og þar var unnið daga og nætur, æfingar með

krökkum yfir daginn og kvöldin og uppsetning á nóttinni. Það kom fyrir að ekki tók því fyrir okkur að fara heim og lögðum við okkur bara smá á sviðinu í Breiðholtsskóla og mættum svo í vinnu daginn eftir. Krakkarnir voru ótrúlega flott að taka þátt í svona erfiðum verkefnum. Þau sýndu mér og öllum sem sáu þessar sýningar hversu magnað ungt fólk er og hvað var hægt að gera.”

Leiklistarbakterían þróaðist í Breiðholti

En hvernig stóð á því að Hafsteinn fór á leiklistarbrautina. Var hann með bakteríuna í blóðinu. Hann gerir lítið úr því. Vill fremur meina að hún hafi þróast í Breiðholti. Þetta byrjaði bara í Gyðufellinu hjá ömmu. Við settum upp ýmis glæpaleikrit í stofunni þar sem ég var yfirleitt löggan og hún bófinn. Síðan fór ég í Hólabrekkuskóla í Leiklist hjá Sigurði Lyngdal og þá kviknaði hún kannski fyrir alvöru. Amma sagði reyndar oft við mig á yngir árum þegar ég svaraði að ég ætlaði að verða lækur eða lögræðingur eins og allir hinir krakkarnir sögðu þá sagði hún “Hafsteinn þú ert allt of skemmtilegur til að vera lækur eða lögræðingur þú átt að vera leikari eða dansari og skemmta fólk”. Þetta hélt áfram í FB þar sem ég tók þátt í leiklistarverkefnum. Svo fór ég í Kvikmyndaskólann þar sem ég lærði leiklist og kvikmyndagerð. Eftir skólann fékk ég ýmis hlutverk eins og í Pressu, Reykjavík, The Aquatic Effect, Föngum og svo Smán sem er leikverk sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu. Þetta hefur unnið upp á sig og nú starfa ég hjá RÚV.” En Hafsteinn er ekki hættur að hugsa um Breiðholtið. Hann hefur áhuga á að setja fleiri sýningar upp þar. “Ég sé fullt af möguleikum í Breiðholti. Sérstaklega þegar kemur að leiklistinni mig langar að stofna Leikfélag Breiðholts. Við erum með frábæra aðstöðu fyrir leiksýningar og aðra viðburði, Barnasýningar, unglingsýningar, fullorðinssýningar og allt frítt er draumurinn.”

Forréttindi að fá að vinna með börnum og ungmennum

Talið berst að fjölmenningu sem einkennir Breiðholtið meira

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Hafsteinn á góðri stund með samstarfsfólki í Miðbergi.

en flest búsvæði hér á landi. Þótt Hafsteinn sé ættleiddur frá fjarlægum heimshluta er hann alinn upp sem Íslendingar. Engu að síður tengir þessi uppruni hans og þá ekki síður þau störf sem hann hefur tekið að sér og unnið að - einkum á vegum Miðbergs hann við fjölmennunguna. Ég held að sé best að nálgast fjölmennungu fyrst og fremst með því að fólki komi fram af virðingu hvert við annað. Enginn er merkilegri en annar hvaðan sem hann kemur eða við hvaða menningu og siði hann er alinn upp. Ég held að tungumálið skipti líka miklu máli þannig að allir komi að sama borði. Ég hef sjálfur ekki reynslu af að koma hingað með annað tungumál. Ég var smábarn og íslenska er mitt móðurmál. Fjölmennungin er líka skemmtileg og áhugavert að fræðast um önnur lönd og búsvæði í gegnum krakka sem eiga sér annan uppruna og annað uppeldisumhverfi. Talið berst að leitinni að upprunanum. Hafsteinn kveðst ekki hafa velt fyrir sér að fara í slíka leit. „Það er ágætt að fólki geri það sem

langar til þess. Ég var alin þannig upp af mömmu og pabba og fékk alla þá ást og umhyggju sem ég þurfti og rúmlega það. Ég hef bara ekki fundið þessa þörf hjá mér. Ég velti þessu eðlilega fyrir mér sem barn en þau útskýrðu það mjög vel fyrir okkur. Við hefðum ekki geta verið heppnari með foreldra. Þátttakan í

félagsstarfinu kenndi mér líka mikið. Þegar ég kom til starfa þar var talsvert af krökkum með erlendan uppruna sem vissu lítið um félagsmiðstöðvar. Til hvers þær væru og hvað væri gert þar. Þau komu frá svæðum þar sem ekkert slíkt starf var til staðar. Mér finnst það hafa verið ákveðin forréttindi að fá að vinna með krökkum sem voru að stíga sín fyrstu spor að þessu leyti – og bara börnum og ungmennum yfir höfuð og fylgjast með þeim vaxa og dafna og verða að flottum einstaklingum, einnig tel ég mig heppinn að hafa fengið að vinna með svona mörgum menningarhópum. Þegar ég var að alast upp voru ekki margir hörundsökkir krakkar í Breiðholtinu. Svo fjölgaði fólki frá Asíu og fólki frá Austur Evrópu fór einnig að flytjast þangað einkum frá Póllandi. Breiðhlytingar eiga sér orðið margbreytilegan uppruna. Það kemur auðvitað fyrir að fólk af öðrum uppruna einangrar sig til að finna öryggi hjá þeim sem

tala sama tungumál og koma úr sömu menningu en það ætti að vera algerlega óþarft. En það má alltaf gera betur, Aðstoða fólk við aðlögun að nýjum heimkynnum. Fyrir mestu er að allir geti búið saman í sátt og samlyndi burtséð frá uppruna. Breiðholtsblaðið kenndi mér margt og þótt ég búi um þessar mundir aðeins hinum megin við bæjarmörkin – það er Kópavogsmegin þá byggist það

eingöngu á íbúðarkaupum. Mig langar að flytja aftur í Hólana. Draumurinn er að eignast hús norðan megin í Hólunum þaðan sem ég horft yfir Elliðaárdalinn. Það er kannski skrítíð að þakka fyrir sig því ég er ekki hættur, en samt takk fyrir mig Breiðholt og Breiðhlytingar. Sjáumst fljótt aftur.“ segir Hafsteinn Vilhelmsson hverfishetja í Breiðholtsblaði.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRETTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ  HÓLMGEIRS
MIÖDD



ÁFRAM ÍR

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnþósson
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9500



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsen
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Fjölþing um sýningu Hildar Björnsdóttur í Gerðubergi



Hildur Björnsdóttir.

Fjölþing um ljósmyndasýningu Hildar Björnsdóttur verður haldið í Menningarhúsinu Gerðubergi laugardaginn 5. maí n.k. en þá tekur Hildur á móti gestum og leiðir þá um sýninguna. Málþingið hefst kl. 14.

Hildur Björnsdóttir myndlistarkona hefur á undanförunum árum ferðast víða um Asíu og kynnst fjölbreyttri menningu, trúarbrögðum og lífsháttum í Tíbet, Vietnam, Kambódíu, Nepal, Indlandi og Tælandi. Hún safnar í sarpinn með því að taka ljósmyndir, skrifa og skissa í dagbókina sína. Á sýningunni Fjölþing er að finna listræna úrvinnslu á þeirri nýju sýn og þekkingu sem Hildur hefur öðlast með því að komast í kynni við fólk á öllum aldri, búa á meðal þess og heimsækja staði sem margir bera merki um mannlega þjáningu og sögulega atburði. Sýningin vekur upp margar spurningar og býður áhorfandanum í heimspekilegt ferðalag á framandi slóðir.

Veiðisumarið hefst í Elliðavatni sumardaginn fyrsta

Elliðavatn sem er á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs er eitt vinsælasta silungsveiðivatn á Íslandi. Þangað leggja leið sína þúsundir veiðimanna á öllum aldri – sumir að stíga sín fyrstu skref í áttina að fangi veiðigyðjunnar, en aðrir eru komnir á lokasprettinn – en eru samt ævinlega viljugir til að heimsækja Elliðavatnið ár eftir ár – enda er aðdráttarafli vatnsins ómótstæðilegt þeim sem komast í kynni við leyndardóma þess: Ná að ráða gátuna.



Á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 19. apríl hefst veiðin í Elliðavatni enn eitt árið. Vatnið breiðir út faðm sinn og tekur vel á móti yngri veiðimönnum sem hinum eldri. Veiðin í Elliðavatni hefur verið mjög góð síðustu sumur og allar líkur á að svo verði einnig í sumar.

Veiðikortið – sem er stoltur leigutaki og umsjónaraðili Elliðavatns – býður veiðimenn á öllum aldri hjartanlega velkomna til veiða í Elliðavatni í sumar og hvetur til þess að menn opni veiðisumarið í vatninu og haldi þannig með viðeigandi hætti upp á sumarkomuna; í Elliðavatni á sumardaginn fyrsta!

Veiðikortið fæst um allt land, á bensinstöðvum, í veiðibúðum og víðar.

Fuglaflæði komið á vegginn

Glæsilegt útilistaverk í Breiðholti

Monika Jóhanna Karlsdóttir nemandi á myndlistarbraut bar sig úr bítum í samkeppni myndlistarbrautar FB um besta vegglistaverkið á húsgaflinum við Vesturberg 70 til 74. Vinningsféð er 50.000 kr. sem verður afhent við útskrift í Hörpu í maí.

Borgarráð Reykjavíkurborgar veitti FB 200.000 króna styrk til verkefnisins en auk þess styrkir hússjóður Vesturbergs 70 til 74 uppsetninguna sem og FB og Litaland. Myndin nefnist Fuglaflæði og er byggð upp í kringum hugmynd af fuglum á flugi og stúlku með boga og örvar.



Verk Moniku Jóhannu á húsgaflinum við Vesturberg 70 til 74.

Reykjavíkurborg vill kaupa húsnæði póstsins í Mjóddinni

- býður póstinum húsnæðið þar sem Kaffi Strætó var til leigu

Hugmyndir eru um að færa pósthúsið í Mjóddinni um set en þó ekki langt. Reykjavíkurborg hefur áhuga á að festa kaup á því húsnæði sem Íslandspóstur er í Mjóddinni í sama húsi og Strætó við Þönglabakka. Ef af kaupnum verður er borgin tilbúin að leigja póstinum húsnæði þar sem Kaffi Strætó var til húsa á árum áður og síðar Garnbúðin Gauja en það hefur staðið tómmt að undanförunum.

Hugmyndir um kaup á húsnæði Íslandspósts kemur í framhaldi af því að nýlega festi borgin kaup á húsnæði sem var í eigu Strætó bs. á annarri hæð hússins. Borgin á því um 21% eignarhluta í húsinu nú þegar en myndi eignast allt að 79% ef af kaupum á húsnæði



Pósthúsið við Þönglabakka í Mjódd.

póstsins verður. Stjórnendur Íslandspósts eru að skoða þetta mál en árið 2011 var hætt við að loka pósthúsinu í Mjódd og

sameina starfsemi þess pósthúsins við Dalveg í Kópavogi vegna mótmæla Breiðhýltinga.

Veski og box með skannvörn



RFID Vörn. Ekki hægt að skanna korta upplýsingar. Leðurveskin frá Adam Carter.



C-Secure RIFID kortabox tekur 5 til 7 kort.



C-Secure RIFID kortaveski með Ítölsku leðri tekur 5 til 7 kort.

Módjó

Mjódd • S: 571 3411
www.facebook.com/Módjó-Verslun

Ekki hræðast garðverkin!

STIHL auðveldar þér vinnuna

Ný lína af batterístækjum frá **STIHL**
þýskt gæðamerki með áralanga reynslu atvinnumanna.
Nú á verði fyrir alla garðeigendur.



GARÐHEIMAR



Laufblásarar
verð frá 24.950

Hekklippur
verð frá 19.950

Sláttuorf
verð frá 21.950

Keðjusagir
verð frá 59.950

Breiðholt – borgarhverfi með eigið hjarta

- viðtal við Eyþór Arnalds oddvita Sjálfstæðismanna við borgarstjórnarkosningarnar

Eyþór Arnalds oddviti framboðs Sjálfstæðismanna við komandi borgarstjórnarkosningar segir að afnema eigi fasteignaskatta eldri borgara, 70 ára og eldri óháð tekjum komist Sjálfstæðisflokkurinn til valda í borginni eftir kosningar. Eyþór horfir til eldri borgara í áherslum sínum um stjórn Reykjavíkurborgar en húsnæðis-umferðar- og loftslagsmál eru honum einnig hugleikin auk þess að bæta verði aðstöðu foreldra með ung börn. Hann segir að ráðast verði að svifryki sem plága Reykvíkinga með aukinni hreinsun en einnig að finna leiðir til að draga úr myndun þess. Breiðholtsblaðið hittir Eyþór að máli á dögnum.

Talið barst fyrst að Breiðholtinu sem Eyþór segir um margt merkilegt hverfi eða byggð. Breiðholtið hafi nánast verið byggt í einu vettvangi fyrir hálfri öld með verklagi sem ekki hafði áður sést í Reykjavík. Tilfnið hafi fyrst og fremst verið að leysa mikinn skort á íbúðarhúsnæði sem hafi undið upp á sig í borginni. “Ég er nánast jafngamall Breiðholtinu en ólst upp í Árbænum hinu megin Elliðaána fram að fermingaráldri. Árbæjarhverfið er aðeins eldra en Breiðholtið og í raun fyrsta skipulagða úthverfið í Reykjavík en svo kom Breiðholtið sem strax varð fjölmennasta hverfi borgarinnar og er það enn. Það var mikill samgangur á milli þessara byggða og því fylgdist ég vel með Breiðholtinu. Ég byrjaði að spila á trompet með lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts og kynntist því mörgum krökkum í gegnum lúðrasveitarstarfið og eignaðist vini úr Breiðholtinu. Fellahellir var fyrsta nútíma félagsmiðstöðin í Reykjavík. Þetta var menningarmiðstöð okkar og fóru margir krakkar úr Árbænum yfir í Breiðholtið til þess að taka þátt í félagsstarfinu. Í Fellahelli gafst krökkunum tækifæri til þess að búa sér til sína eigin menningu og hluti af því var tónlistarmenning. Það hafa margir tónlistarmenn komið úr Breiðholtinu og



Eyþór Arnalds lauk burtfararprófi í sellóleik á sínum tíma og þótt hann hafði ekki haft tónlistina að aðalstarfi hin síðari ár grípur hann í hljóðfærið. Hér er hann að leika á sellíð fyrir eldri borgara í Seljahlíð á dögnum.

ég er sannfærður um að starfið í Fellahelli átti þátt í því. Mér hefur alltaf þótt vænt um Breiðholtið. Þar átti ég margar góðar stundir á bernskuárunum.”

Endurnýjum Breiðholtið

Eyþór bjó um tíma í London sem stundur saman af 32 hverfum eða borgarhlutum. Hann segir að hvert hverfi sé ákveðin eining í stórborginni - eining með sitt hjarta og að fólk leiti almennt lítið út fyrir hverfið sitt eftir almennri þjónustu. Þótt stærðarmunur á London og Reykjavík sé mikill þá geti þetta skipulag hentað ágætlega hér. Efla þurfi þjónustuna inn í hverfunum, auka fjölbreytni hennar og skapa meira innra líf þeirra. “Ef við litum sérstaklega á Breiðholtið í því sambandi þá er það kjörin vettvangur til þess að vinna að þessu markmiði. Það er afmarkað af ytri aðstæðum og með

þjónustukjarna sem er Mjóddin þar sem umferðaræðar mætast. Ég sé ýmsa stóra möguleika fyrir mér í Breiðholtinu, en þar er uppbygging í Mjódd eitt af stóru tækifærunum. Mjóddin er stórt svæði með frábærar veltengingar. Það mætti flytja eitthvað af þjónustustofnunum í Mjóddina og efla hana líkt og við Kringlu og Smárann. Blönduð byggð og jafnvel hótél. Þetta væri burðarverkefni í að endurnýja Breiðholtið í heild. Eitt af því sem mætti byrja á er að opna sundlaugina í Seljahverfinu fyrir almennungu en hún er aðeins notuð sem kennslulaug. Mikilvægt er að efla almenningsamgöngur innan hverfisins – að tengja byggðina betur saman ekki síst þegar kemur að skólum og íþrótt- og félagsaðstöðu. Eitt af því sem snertir Breiðhyltinga alveg sérstaklega eru gatnamótin þar sem Bústaðavegurinn mætir Reykjanesbrautinni á leið sem margir Breiðhyltingar

og aðrir fara jafnvel oft á dag. Þarna eru varasöm ljósastýrð gatnamót með vinstri beygjum sem stöðva umferðarflæðið um Reykjanesbrautina á nokkra mínútan fresti. Þetta er mál sem setið hefur fast um árábil einkum vegna þess hversu gatnamótin liggja nærri Elliðaánum. En þetta þarf að leysa hið fyrsta hvort sem lausnin finnst með mislægum gatnamótum eða eftir öðrum leiðum. Þessi gatnamót eins og þau eru teftja umferðarflæði og hefta þar með samgöngur Breiðhyltinga við aðra borgarhluta.”

Lengja þarf opnunartíma Mjóddarinnar

“Nauðsynlegt er að efla Mjóddina sem samgöngumiðstöð og hafa hana opna lengur á daginn,” heldur Eyþór áfram. Í dag lokar flest þar kl.18 en með því að lengja þennan tíma til klukkan 19 myndu opnast möguleikar fyrir

Eyþór segir enga þekkja Breiðholtið betur en íbúana sjálfa. Því sé mikilvægt að þeir hafi meira um málefni þess að segja en verið hefur og er.

mannlíf lengra fram eftir kvöldinu. Þetta á ekki síst við fólk sem notar almenningsamgöngur. Við þekkjum að veðrið getur oft verið hryssingslegt og það er notalegt fyrir fólk sem er að bíða eftir Strætó að geta verið inni hvað þá að rölta um verslanamiðstöð. Þetta er eitt af þeim tækifærum sem þarf að nýta til þess að efla sjálfstæði Breiðholtsins – að gera það að bæ í borginni.”

Efla hverfisráðin og láta íbúa kjósa í þau

Eyþór segir enga þekkja Breiðholtið betur en íbúana sjálfa. Því sé mikilvægt að þeir hafi meira um málefni þess að segja en verið hefur og er. “Eitt af því sem ég tel mikilvægt er að breyta stjórnkerfi borgarinnar á þann veg að íbúar kjósi fólk til starfa í hverfisráðum í stað þess að stjórnmalaflokkar og framboðsaðilar velji fólk til setu þar eins og nú er. Að íbúar kjósi í hverfisráðin getur verið fyrsta skrefið að opnara stjórnkerfi. Síðan þarf að breyta hlutverki ráðanna og auka verksvið þeirra og vald. Breiðholtið hefur alla burði til þess að vera borgarhverfi eða byggð með sitt hjarta. Þetta er liðlega 20 þúsund manna samfélag. Á stærð við Akureyri og hvergi auðveldlega í borginni að efla þjónustu og auka íbúalýðræði en þar.”

Samgöngu- og húsnæðismál efst í huga

En frá Breiðholtinu yfir í almennari atriði sem snerta borgarbúa. Hverju vill Eyþór standa fyrir. Hann hefur talað fyrir því að endurskoða aðalskipulag Reykjavíkur. “Já – það er alveg rétt. Ég tel mikilvægt að halda jafnvægi innan borgarinnar. Við verðum að horfa á bygginga- og samgöngumálin í einu lagi. Þau eru svo nátengd. Byggja þarf á hagkvæmum stöðum í borginni og gæta þess að verð fari ekki úr böndunum. Íbúaðverð hefur

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 R V K

LANDMARK SMÁRINN

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s 690 3111



hækkað mikið að undanfögnu og nú er svo komið að fólk er farið að sækja út fyrir borgarmörkin til þess að koma sér upp heimilum. Og þá ekki aðeins í nágrennasveitarfélögin heldur sækir fólk á Suðurnesin og upp fyrir Hvalfjörð. Jafnvel austur í Arborg þar sem ég þekki vel til og ekur á milli höfuðborgarsvæðisins og heimilis til vinnu. Tölvuvæðing og fjarvinnsla getur í einhverjum tilfellum auðveldað fólki slíka búsetu en það leysir ekki Reykjavíkurborg undan þeirri skyldu að skapa ungum fjölskyldum tækifæri til þess að búa í borginni og eignast húsnæði þar. Þá þarf einnig í þessu sambandi að horfa til fasteignaskattsins. Hann er of hár í Reykjavík og við verðum að finna leiðir til þess að lækka hann. Lækkun fasteignaskatts er líka liður í að gera eldri borgurum kleift að búa á heimilum sínum eins lengi og þeir vilja og treysta sér til. En það er vandi að vinda ofan af fjármálum borgarinnar því skuldir borgarsjóðs hafa vaxið verulega að undanfögnu - einkum fjórum síðustu árunum. Einn liður í því að draga úr álögum á borgarbúa er að hagræða í stjórnkerfinu sem hefur vaxið mikið á skömmum tíma." Eypór bendir á að nú sé knýjandi að bæta aðstöðu ungra foreldra. "Við verðum að fjölga leikskólarymum og tryggja að öll börn sem náð hafa 18 mánaða aldri eigi kost á leikskóla. Þetta þarf að gera með því að efla leikskólana og fjölga faglærðu fólki en einnig með því að styrkja dagmæðrakerfið og fjölga dagmæðrum."

Beita þarf öllum skynsamlegum ráðum gegn svifrykinu

Eypór hefur mikinn áhuga á umhverfismálum. Hann segir

að vinna verði áfram á því sviði meðal annars með því að bæta flokkun á sorpi og draga úr urðun. Þetta megi meðal annars gera með því að setja upp gáma fyrir mismunandi tegundir af rusli sem fólk hafi aðgang að. "Svo er það svifrykið sem hefur verið að angra okkur að undanfögnu. Þar þarf að gera átak enda ótækt að börnum sé haldið innandyra vegna loftmengunar. Borgin mælist með loftgæði á við Rotterdam sem er óásættanlegt. Við viljum koma í veg fyrir að svifryk fari yfir heilsuverndarmörk. Það þarf að þrifa borgina miklu betur, sópa og súla. Hvetja þarf fólk til þess að nota rafbíla. Liður í því er að fjölga hleðslustöðum því skortur á þeim má ekki fæla fólk frá þessum samgöngumála. Ég hef sjálfur

ekið á rafmagnsbíl að undanfögnu og ætla mér ekki aftur að nota bensín- eða díselrífið ökutæki. Ég tel að við verðum að beita öllum skynsamlegum ráðum til þess að draga úr myndun svifryks. Það er ekki aðeins óþægilegt heldur einnig beinlínis hættulegt. Talið er að rekja megi um 80 dauðsföll á ári hér á landi til svifryks á sama tíma og tveir til þrjár látast af völdum umferðarslysa. Umferðin skiptir þarna miklu máli en jafnframt verður viðhald gatna að vera miklu betra. Ræsi eru ekki hreinsuð og flóð í Breiðholtinu eru að verða árleg því miður. Við verðum að fara í átaksverkefni í umhverfismálum að þessu leyti líkt og þegar lagt var til atlögu við að hreinsa strandlengjuna."



EITT KORT
34 VÖTN
7.900 kr.

VEIÐIKORTIÐ
2018

Vatnaveiði er fjölskylduvæn útivist. Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.

www.veidikortid.is

Sölustaðir:
N1 - OLIS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivörverslanir um land allt.
Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

Sjúk ást, hvað getum við gert?

Rætt á málþingi ungmennaráðs Breiðholts



Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir frá Stígamótum hélt erindi á málþinginu og fjallaði um hvenær afbrýðissemi væri réttlætunleg.

Ungmennaráð Breiðholts stóð fyrir líflegu málþingi föstudaginn 6. apríl um samskipti í ástarsamböndum ungs fólks. Málþingið var haldið í Austurbergi og áttu flestir grunnskólar borgarinnar sína fulltrúa þar. Umræðuefnið var mikilvægt; munurinn á heilbrigðum og óheilbrigðum samböndum, kynferðisleg áreitni og samskipti á netinu.

Dagskráin hófst með erindi Steinunnar Gyðu- og Guðjónsdóttir verkefnastýru hjá Stígamótum og fjallaði hún um sjúk samskipti ungs fólks í nánum samböndum sem byggðust á afbrýðissemi, þvingunum og jafnvel ofbeldi. Þá fjallaði Dagbjört Ásmundsdóttir verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði um kynferðislega áreitni og að lokum fjölluðu þau Kári og Andrea, sem vinna með ungmennum í félagsmiðstöðvastarfi, um óheilbrigð samskipti á netinu.

Vel á annað hundrað unglingar sóttu málþingið og urðu líflegar umræður á milli erindanna og augljóst að efnið brann á mörgum fundargestum. Málþingið fellur inn í umræður sem skapast hafa í samfélaginu í kjölfar me-too byltingar og sýningar á myndinni Mannasiðir um páskanna og því auðvelt að tengja umfjöllunarefnið við það sem ungir sem aldnir þekkja í umfjöllun fjölmiðla undanfarna mánuði.

Ungmennaráð Breiðholts skipulagði málþingið og er það í anda annarra málþinga á þeirra vegum fyrir ungmenni í borginni þar sem lögð er áhersla á samtal milli ungs fólks um mikilvæg málefni sem á þeim brenna. Fundarstjóri var Elínborg Una Einarsdóttir sem situr í ungmennaráði Breiðholts.

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg



BLOMASMIÐJAN
Grímsbæ · Sími: 588 1230
www.blomasmidjan.is

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT'ANA MED HEIM

Eldofninn

PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313

italcaffè

Eldofninn

ARSÓL

Snyrtivörverslun - Snyrtistofa
Sími: 553 1262

Tímadjásn
Gallery Gull

HANNYRÐAVERSLUNIN

Sporið

Garn og útsaumur
Mikið úrval
Sími: 581 2360

TÍSKUVERSLUNIN

SMART

1011

Stóra upplestrarkeppnin
í Breiðholti

Allir stóðu sig vel



Allir keppendurnir sem tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni í Breiðholtskirkju. Eric Gerritsen úr Ölduselsskóla er lengst til vinstri en hann var í öðru sæti keppinnar. Mynd af Daniel Blæ og Ísabellu Ósk úr Hólabrekkuskóla er á forsiðu.

Lokahátíðin í Breiðholti var haldin í Breiðholtskirkju fimmtudaginn 22. mars. Tíu nemendur, tveir frá hverjum skóla lásu upp ljóð og sögur en skáld keppinnar að þessu sinni voru Sigrún Eldjárn og Ólafur Jóhann Sigurðarson.

Nemendurnir stóðu sig allir afskaplega vel og valdi dómnefnd Daníel Blæ Þórisson úr Hólabrekkuskóla sem sigurvegara. Í 2. sæti var Eric Gerritsen úr Ölduselsskóla og í 3. sæti Ísabella Ósk Kristínardóttir úr Hólabrekkuskóla. Nemendur í Breiðholti sungu, dónsuðu og spiluðu á hljóðfæri á milli atriða. Allir skólar á landinu taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lýkur með lokahátíð í hverju hverfi borgarinnar og í öllum sveitarfélögum. Allir nemendur í 7. bekk æfa upplestur markvisst allan veturinn og keppnir eru haldnar í öllum skólum þar sem nemendur eru valdir til að keppa á lokahátíðinni fyrir hönd skólans síns.

Hús eldri borgara þjóta upp

Vel miðar byggingu tveggja fjölbýlishúsa sem Félag eldri borgara er að reisa við Árskóga í Mjóddinni. Uppsteypa annars þeirra er langt komin og hitt húsið hækkar óðum. Gert er ráð fyrir að alls verði 68 íbúðir í húsunum og að þær verði tilbúnar til afhendingar á fyrri hluta næsta árs.

Í upphafi var gert ráð fyrir fjögurra hæða húsum en eftir að deiliskipulagi var breytt var ákveðið að bæta einni hæð við en hafa hana inndregna. Fyrir áratug var samþykkt að byggja 100 íbúðir í Suður Mjódd fyrir eldri borgara þar sem ljóst var að mikil þörf væri fyrir húsnæði fyrir þennan aldurshóp. Nú þegar bygging 68 íbúða er að komast í



Eins og sjá má á þessari mynd er uppsteypa húsa Félags eldri borgara við Árskóga langt komin.

höfn er Félag eldri borgara að leita eftir því hvort hægt verði að fjölga íbúðum á þessu svæði eða í næsta nágrenni og ná þannig 100 íbúða markinu eins og gert hafi verið ráð fyrir með skipulaginu frá 2008.

Unnu sinn riðil í Skólahreysti

Nemendur í 9. og 10. bekk Ölduselsskóla tóku þátt í Skólahreysti og gerðu sér lítið fyrir og unnu sinn riðil sem tryggir þeim sæti í úrslitakeppninni.

Glæsilegir fulltrúar Ölduselsskóla eru Ástþór Árni, Altina Tinna, Magnea og Björn Máni auk varamannanna Margrétar Júlíu og Sveins Loga. Úrslit í Skólahreysti fara fram í Laugardagshöllinni þann 12. maí n.k.

Þátttakendur Ölduselsskóla í Skólahreysti.



Blár dagur í Breiðholtinu

Föstudaginn 6. apríl var Blái dagurinn haldinn um allt land. Þá er fólk hvatt til að klæðast bláu, til stuðnings börnum með einhverfu.

Börnin á frístundaheimilinu Bakkaseli létu sitt að sjálfsögðu ekki eftir liggja, enda er lífið blátt á mismunandi hátt hjá okkur í Breiðholtinu, rétt eins og annars staðar. Þessar myndir voru teknar á bláa deginum í Breiðholti.



Kennarar og nemendur í Palermo

Þrjú starfsmenn Hólabrekkuskóla og þrjú nemendur úr 10. bekk tóku þátt í Erasmus+ fundi í Palermo á Sikiley núna rétt fyrir páska. Nemendur okkar gistu inni á heimilum nemenda í skólanum og kynntust þannig daglegu lífi fólksins mjög vel.

Ströng dagskrá flesta daga, verkefnavinna og mikið um heimsóknir á söfn og í kirkjur. Nemendur fóru svo á ströndina flest kvöld, þó að veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta. Ströndin er staðurinn sem unglingarnir fara á og þangað mæta allir. Eins og alltaf eru þessar ferðir ótrúleg upplifun fyrir alla þátttakendur, maður kynnist stöðunum út frá sjónarhóli heimafélksins og borðar það sem innfæddir eru stoltastir af að bera fram fyrir gestina. Í þessu verkefni eru sjö þjóðir. Ísland þar sem Hólabrekkuskóli er fyrir Íslands hönd, Finnland, Ítalía, Spánn, Grikkland, Tékkland og Holland. Næsti fundur verður á Íslandi frá 9. til 15. apríl.



Þátttakendur í Erasmus+ fundinum í Palermo á Ítalíu. Ítalska umgjörðin leynir sér ekki.



19. apríl 2018

Klukkan 13:30-16:30

SUMARDAGURINN FYRSTI Í HÓLMASELI

Dagskrá

13:30-16:00 Anditsmálning, hoppukastalar, pylsur og candyfloss til sölu.

14:30 Sigurvegarar Breiðholt got talent:

Mikael Orri

Elna og Hrafnhildur

15:00 Dans Brynju Péturs

15:45 Leikhópurinn Lotta



Kerrurnar
frábæru frá
Humbaur eru
til á lager!



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 121.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Flatvagnar

Ýmsar stærðir og gerðir.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð frá: 512.000 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Ölduselsskóli Reykjavíkurmeistari



Liðsmenn skáksveitar Ölduselsskóla voru Óskar Víkingur Davíðsson 8. bekk, Stefán Orri Davíðsson 6. bekk, Baltasar Máni Wedholm Gunnarsson 7. bekk og Birgir Logi Steinþórsson 7. bekk. Liðsstjóri og þjálfari var Björn Ivar Karlsson.

Ölduselsskóli er Reykjavíkurmeistari grunnskóla í skák eftir Reykjavíkurmót grunnskólasveita sem fór fram mánudaginn 19. febrúar í húsnæði Taffélags Reykjavíkur, en félagið heldur mótið í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Skáksveit Ölduselsskóla tók að þessu sinni þátt í flokki 8.-10. bekkjar og var sveitin langyngst á mótinu. Engu að síður var það fljótlega ljóst að okkar menn hefðu talsverða yfirburði fram yfir hin liðin. Það kom engum á óvart enda hafa strákarnir allir æft skák af kappi frá því þeir voru í 1. bekk og sumir jafnvel lengur. Einungis skáksveit Laugalækjarskóla var líkleg til þess að veita Ölduselsskóla einhverja keppni á mótinu. Góður 3-1 sigur Ölduselsskóla á Laugalækjarskóla strax í annarri umferð lagði línurnar fyrir framhaldið og svo fór að okkar menn stóðu uppi sem öruggir sigurveggar með 14 vinninga af 16. Laugalækjarskóli kom næstur með 11 vinninga og nágrannar okkar í Breiðholtsskóla voru í þriðja sæti með 5,5 vinning.

Í Grímsbæ við Bústaðaveg kennir margra grasa



Verslunarmiðstöðin Grímsbær við Bústaðavegin.

Margir Breiðholtsbúar aka Bústaðavegin nánast daglega t. d. í og úr vinnu og skóla. Verslunarmiðstöðin Grímsbær hefur staðið við Bústaðavegin í a.m.k. 40 ár og þar er fjölbætt verslun og þjónusta. Okkur datt í hug að kynna fyrir lesendum hvaða starfsemi væri í húsinu. Auðveld aðkoma er að Grímsbæ og næg bílastæði. Nú svo stoppar leið 11 alveg við dyrnar.

Ög hvað er svo að finna í Grímsbæ? Þar finnst fleira en margur hyggur!

Tiskuvöruverslunin Smart hefur verið í Grímsbæ í 28 ár. Hún býður upp á vandaðan kvenfatnað í stærðum 36-58 fyrir konur á öllum aldri. Smart er með umboð fyrir happdrættin HHÍ, DAS og SÍBS. Síðan er þar Hannyrðaverslunin Sporið sem býður fjölbreytt úrval af garni, hannyrða- og útsaumsvörum ásamt að flytja inn Mayflower bómullar og ullargarn.

Í vesturenda hússins er hinn margrómaði pizzastaður Eldofninn fjölskyldurekinn Pizzastaður sem sérhæfir sig í eldbökuðum þunnbotna eðal pizzum þar sem pizza-deig og sósa er löguð á hverjum degi. Eldofninn flytur líka inn og selur kaffi frá Ítalíu, Italcaffe. Gran crema baunir í 1000 gr. pakkningum,



Eldofninn í Grímsbæ.

Espresso casa baunir í 500 gr. pakkningum og Espresso casa finmalað í 250 gr. pakkningum, sannkallað sælkeri kaffi fyrir vandláta á góðu verði. Eldofninn er opinn alla daga vikunnar nema mánudaga.

Blómasmiðjan er falleg blómabúð með vandaða gjafavöru, blóm og fleira. Frá því búðin var stofnuð hefur Blómasmiðjan flutt inn t.d. mikið úrval af reykelsum. Þar bjóðast alhliða blómaskreytingar fyrir

jarðarfari, afmæli, brúðkaup og til annarra tækifæra. Og að sjálfsgöðu er Blómasmiðjan opin alla daga vikunnar.

Úra og skartgripaverslunin Tímadjásn hóf starfsemi sína á haustmánuðum árið 1978 á neðri hæð hússins eða fyrir tæpum 40 árum. Reyndar í plássi þar sem fiskverslun var á sínum tíma „undir stiganum“. Verslunin býður fjölbreytt úrval af skírnarvörum, úr, klukkur, skartgripi og gjafavörur.

Snyrtistofan og snyrtivöruverslunin Ársól býður upp á Hydradermie húðmeðferð. Andlits- háls- og augnmeðferð. Auk þess býðst vaxmeðferðir, litanir, handsnyrtingar og ekki síst mikið úrval snyrtivara. Eigandi Ársólar er Þyri Dóra Sveinsdóttir meistari í snyrtifræði.

Við megum aldeilis ekki gleyma verslun 10-11 sem er á neðri hæð hússins. Þar fæst mikið úrval mat- og nauðsynjavöru. Ýmis tilboð eru í boði í hverjum mánuði. Verslunin er opin á virkum dögum frá 8 til 24, 9-24 á laugardögum og frá 10 til 24 á sunnudögum.

Svo má nefna að þar er naglastofan Adora, Rakarastofa Gríms, Brauðhúsið sem býður hágæða brauð og kökur, Skóvinnustofa Halldórs og á efstu hæð hússins er gistihúsið Grímur Hótel.

Svo er bara að líta við í Grímsbæ. Fá sér eðal eldbakaða pizzu, gæðakaffi, garn í næstu peysu og kaupa blóm handa konunni – svo eitthvað sé nefnt!



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

coral[®]

Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreinda

Forbo
FLOORING SYSTEMS

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188

Vortónleikar kórs Fella- og Hólakirkju

- kór kirkjunnar og Vörðukórinn af Suðurlandi munu flytja fjölbreytta og hrífandi tónlist

Vortónleikar kórs Fella- og Hólakirkju verða laugardaginn 28. apríl. Tónleikarnir hefjast klukkan fimm en í anddyri kirkjunnar frá klukkan hálf fimm verður boðið uppá vordrykk og lifandi tónlist fyrir tónleikagesti.

“Þetta verða stórskemmtilegir tónleikar með fjölbreyttri, vandaðri og hrífandi tónlist,” segir Arnhildur Valgarðsdóttir kórstjóri og organisti kirkjunnar. “Þar koma fram Kór Fella- og Hólakirkju og hinn fjölmenni Vörðukór, sem kemur austan úr sveitum, frá Flúðum og nágrenni og munu flytja afar fjölbreytta og skemmtilega dagskrá. Þar má nefna lög eins og Vetrarsól, Eg vil lofa eina þá, Orðin mín, Hudson Bay og La vergine degli Angeli. Einsöng með kórnum syngja Inga J. Backman, Kristín R. Sigurðardóttir og Guðlaugur Lárusson auk þess sem Sigrún Harðardóttir skreytir flutninginn með fögrum fiölutónum. Í lok tónleikanna munu kórarnir syngja saman tvö lög af miklum krafti. Það er hvorki meira né minna en Þrælakórinn úr óperunni Nabucco eftir Verdi og Maístjörnuna í hátíðarútfestningu Jóns Ásgeirssonar. Gestum verður síðan boðið í fjöldsöng í lokin.”

Í hléi verður boðið uppá kaffi og sælgætismola fyrir tónleikagesti. Aðgangseyrir er þrjú þúsund, en tvö þúsund fyrir eldri borgara og öryrkja og ókeypis aðgangur fyrir tólf ára og yngri. Í fyrra sungu þessir sömu kórar fyrir fullum sal kirkjunnar við afar góðar undirtektir tónleikagesta. Tónleikarnir hefjast klukkan fimm, laugardaginn 28. apríl, sem fyrr segir og Arnhildur vill minna fólk á að mæta snemma og njóta fordrykkjar og lifandi sumarlegrar tónlistar.




Kór Fella- og Hólakirkju.



Vörðukórinn.

Tilvalin sumargjöf fyrir
dömur á öllum aldri



... svo ótrúlega þægileg
eftir sturtuna eða baðið!

Fáanleg í 12 litum
í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd
og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda,
Kringlu og Austurveri, Snyrtivöru-
búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver,
Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek,
Urðarapótek.
Netverlanir Aha.is, Heimkaup og
Krabbameinsfélagið.

Sif

höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook




www.breiðholt.is

Lyfjaval APÓTEK í Mjódd á nýjum stað!

var til húsa

nú til húsa



TYR

Mikið úrval af TYR
sundfatnaði - nýjar
gerðir og litir, úr
DURAFast 300+
efninu, sem er
sérlega klórþolið og
lithelt.

Kíktu á úrvalið á
heimasíðu okkar
www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

S í ð a n 1 9 9 5

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Fagleg þjónusta -
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Reykjavík - Snæfellsbæ - Höfn Hornafirði | Sími 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir
Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali og
leigumiðlari
896 5222



Heiðar
Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356



Margrét
Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Úlfar Freyr
Jóhannsson
Lögræðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906



Herdis Valb.
Hölludóttir
Lögræðingur
og lögg. fasteignasali
694 6166



Pétur Steinar
Jóhannsson
Aðstoðarm.
fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718



Sturla
Pétursson
Löggiltur
fasteignasali
899 9083



Anna F.
Gunnarsdóttir
Löggiltur
fasteignasali
892-8778



Snorri
Snorrason
Löggiltur
fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115



Framúrskarandi
fyrirtæki

Þeir stjórna best, sem hlusta mest

Við uppstillingu á framboðslista Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnar Reykjavíkur í vor var það haft að sjónarmiði að bregðast við vanda sem einkennt hefur skipan borgarstjórnar Reykjavíkur síðastliðin tvö kjörtímabil: Hópurinn var of einsleitur. Til dæmis var enginn með lögheimili í Breiðholti, sem er stærsta hverfi Reykjavíkur og þar með stærsta íbúðahverfi á Íslandi. Raunar var enginn fulltrúanna með lögheimili austan Elliðaáa.

Þrátt fyrir að öllum borgarfulltrúum beri að sjálfsögðu að hafa hag allra borgarbúa að leiðarljósi skiptir líka máli að borgarfulltrúar hafi sem bestan skilning á aðstæðum íbúanna. Erlendis er sums staðar gengið enn lengra og borgarfulltrúar kosnir af íbúum hverfanna og þannig tryggt að öll hverfi hafi sinn fulltrúa.

Í efstu tíu sætum á framboðslista Sjálfstæðisflokksins eru tveir fulltrúar sem hafa bæði alist upp og búa nú í Breiðholti, þ.e. Jórunn Pála Jónasdóttir, lögfræðingur, sem er búsett í Seljahverfi (9. sæti), og undirritaður en sjálfur skipa ég 4. sæti á listanum og bý í Hólshverfi.

Á meðal helstu markmiða okkar er að styrkja tengsl og áhrif íbúa í Breiðholti í borgarstjórn, hlusta á þá og tala þeirra máli. Þannig munum við best vinna að hagsmunum Breiðholtsins í samstarfi við íbúa.

Egill Þór Jónsson

Höfundur skipar 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Egill Þór Jónsson.

Sund í Seljahverfi

Í Seljahverfi er sundlaug sem hefur hingað til aðeins verið nýtt fyrir skólasund barna í hverfinu en hún er einmitt ástæðan fyrir því að ég sjálf er synd.

Eitt af stefnumálum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er að sundlaugin verði opnuð almenningi utan skólatíma. Útfærslan á þessu er ekki flókin en myndi gera gríðarlega mikið fyrir nærsamfélag íbúa í Seljahverfi, foreldra með börn í ungbarnasundi, eldri borgara, þá sem vilja skella sér í sund og pott eftir skokkið eða göngutúrinn, o.s.frv.

Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni en borgaryfirvöld hafa hingað til ekki viljað ýta henni úr vör. Helstu ástæður þess voru eftir því sem ég kemst næst að laugin uppfyllir ekki skilyrði um dýpt og að þetta yrði dýr framkvæmd ("Computer says no" - En hver bjó til tölvuna?). Þetta er bæði nærtækur og hagkvæmur kostur.

Þarna væri kominn nýr kjarni í hverfinu sem skapar umhverfi fyrir rekstur, s.s. kaffihús við hliðina á. Líkt

og aðgengi að sundlaug og heitum pottum yrði það kærkomin viðbót í Seljahverfi að hafa svoleiðis samkomustað í göngufæri.

Í dag er ég enn íbúi í Seljahverfi, og nú í framboði til borgarstjórnar fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík og á meðal þeirra hugmynda sem ég vil fylgja á eftir náð ég kjöri. Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir því að innviðirnir sem eru þegar til staðar séu nýttir og lögð sé áhersla á verkefni sem íbúar geti raunverulega nýtt sér.

Jórunn Pála Jónasdóttir
Höfundur skipar 9. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Jórunn Pála Jónasdóttir.

Á Reykjavíkurborg að banna snjallsíma í grunnskólum?

Fjölmargar vísendingar eru um að snjallsímar geti haft neikvæð áhrif á athygli, þroska og andlega heilsu barna og ungmenna. Niðurstöður rannsókna staðfesta að þeir nemendur sem hafa aðgang að síma í skólastofunni telja almennt að það efni sem þeir geta nálgast í símanum sé áhugaverðara en námsefnið, að þeir eiga erfiðara með að halda athyglinni á því sem kennarinn segir, að þeir eyða minna tíma en áður í að vinna með námsefnið, að þeir fá lægri einkunnir og að þeir eru óánægðari með frammistöðu kennarans en þeir sem fá ekki að hafa símann með sér. eru þessi áhrif einkum tengd við notkun nemenda á samfélagsmiðlum.

Ávani og kvíði

Snjallsímar eru ávanabindandi. Öppin í þeim eru hönnuð með það að markmiði að notandinn verði háður þeim. Íslenskar rannsóknir hafa leitt líkur að því helstu ástæður kvíðaaukningar megi tengja við hraðari lífnaðarhætti og snjalltækjavæðingu síðustu ára.

Einelti

Einelti hefur að miklu leyti færst frá persónulegum samskiptum yfir í samskipti í netheimil. Það vita allir sem koma nálægt uppeldi barna. Snjallsímabann í grunnskólum er í senn geðheilbrigðismál, lýðheilsu- og menntamál.

Það er því hlutverk Reykjavíkurborgar að styðja við skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra með því að banna snjallsíma í grunnskólum borgarinnar, á öllum tímum sem og í fríundastarfi. Með því leyfum við börnunum að njóta vafans.

Höfundur er borgarfulltrúi



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir.



www.leiknir.com

HÓLAGARÐUR

Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi



Boltinn í beinni

S: 567 8444

Krá • Sportbar

Gullnáman



KLIPP-ART
HÁRGREIÐSLUSTOFAN

AfroZone



Fætur & fegurð
HÓLAGARÐI - LÓUHÓLLUM 2-4 - Sími 557 3959

Fiska.is



DZIEN
DOBRY

Uppbygging á ÍR-svæðinu heldur áfram

Miklar framkvæmdir á næstu árum

Forval fyrir fjölnota íþróttahús í Suður-Mjódd, alútbóð hefur verið auglýst. Óskað er eftir umsóknum frá verktökum til að taka þátt í lokuðu alútbóði. Eins og segir í auglýsingunni er fyrirhugað að reisa fjölnota íþróttahús í Suður – Mjódd og mun alútbóðið ná yfir verkfæðihönnun og reisingu hússins. Gert er ráð fyrir að húsið verði einangrað stálgrindarhús á steypum undirstöðum.

Húsið mun standa norðaustan við núverandi gervigrasvöll. Um er að ræða íþróttahús á einni hæð ásamt hliðarbyggingu sem nær meðfram allri langhlið húss. Íþróttahúsið skal sérútbúið til knattspyrnuíðkunar og frjálsíþrotta ásamt göngubraut umhverfis völlum. Gervigras skal vera FIFA samþykkt. Samtals er gert ráð fyrir að íþróttasalurinn verði 84 x 51 m (4.284 m²) auk hliðarbyggingar sem verður 84 x 7,5 m (630 m²).

Frjálsíþróttavöllur og vallarhús

Nú er unnið að því að fleyga undir grunn Vallarhús við nýjan frjálsíþróttavöll ÍR-inga. Báðum tilboðum sem bárust í byggingu vallarhússins var hafnað vegna þess hve langt þau voru yfir kostnaðaráætlun. Verkinu var því skipt upp í smærri einingar og tilboð fyrir uppsteypu og frágang hússins að utan hefur verið auglýst og þarf að skila tilboðum fyrir 17. apríl. Tvö tilboð bárust í undirlag og lagningu gerviefnis á völlum. Yfirferð tilboða stendur yfir en stefnt að því að völlum verði tilbúinn seinni part sumars.

Ný girðing og bætt aðgengi að aðalknattspyrnuvelli ÍR

Verktakar hafa lokið við uppsetningu girðinga við aðalleikvang ÍR fyrir knattspyrnu og aðgengi áhorfenda og fatlaðra hefur verið bætt með malbikuðum stíg frá vallarhúsi að áhorfendasvæði. Áður en leiktíð knattspyrnunnar hefst verður aðgengi leikmanna frá búningsklefum að leikvangi bætt.



Reisa á nýtt þjónustuhús fyrir ÍR jafnhliða byggingu frjálsíþróttavallar. Hér má sjá tölvugerða mynd af þjónustuhúsinu.

Betrunbætur á búningsaðstöðu í ÍR-heimili

Skápar með læsingum hafa verið settir upp í fjórum búningsklefum ÍR-heimilisins og heitir og kaldir pottar í tveimur klefum verða tilbúnir á næstu vikum.

Parkethús og tengibygging á hönnunarstigi

Unnið er að hönnun byggingar sem ætlað er að tengja saman núverandi ÍR-heimili, fjölnota íþróttahús/knattshús og svokallað parkethús. Fyrirhugað er að í tengibyggingunni verði aðalinngangurinn í íþróttamiðstöð ÍR, samkomusalur, skrifstofur félagsins, búningsklefar fyrir parkethús og fjölnota íþróttahús ofl. Þá er unnið að hönnun á parkethúsi sem ætlað er að hýsi að mestu handbolta- og körfuboltaæfingar og leiki.

Það er því ljóst að framkvæmdir verða miklar á ÍR-svæðinu á þessu ári og næstu árum gangi áætlanir eftir.

Í úrslitarimmum í körfubolta og handbolta

Karlalið ÍR sigraði Stjórnuna í átta liða úrslitum Dominosdeildarinnar í körfubolta eftir hörku einvígi þar sem ÍR vann þrjá leiki af fjórum. Þar með tryggði liðið sér rétt til að leika í fjögurra liða undanúrslitum í fyrsta skipti frá árinu 2005. ÍR-ingar léku síðan við Tindastól í undanúrslitunum og vann Tindastól viðureignina 3-1.

Karlalið ÍR í handbolta sem lék að nýju í efstu deild í vetur í Olísdeildinni tryggði sér rétt til keppni í átta liða úrslitum. Lið ÍR lék gegn deildarmeisturunum ÍBV og vann ÍBV viðureign liðanna 2-0.

Kvennalið ÍR í handbolta tryggði sér rétt til þátttöku í umspili um sæti í efstu deild á næstu leiktíð eftir að hafa náð þriðja sæti í Grill 66 deildinni (næst efstu deild). Lið ÍR tapaði fyrsta leiknum gegn HK í umspili með tíu marka mun en jafnaði



Áhorfendur fagna sigri ÍR á Tindastóli í leik tvö.

svo metin eftir æsispennandi tvíframlengdan leik í Austurbergi. Glæsilegur árangur ÍR-inga

í fjölmörgum íþróttum ber vott um faglegt og öflugt íþróttastarf innan félagsins.

Ástrós Íslandsmeistari í kvennakeilu

Ástrós Pétursdóttir úr ÍR sigraði á Íslandsmóti einstaklinga í keilu. Þetta er annar Íslandsmeistaratitill Ástrósar en hún sigraði einnig árið 2014. Ástrós sigraði aðra ÍR konu í úrslitum, Lindu Hrönn Magnúsdóttur en vert er að vekja athygli á að Linda er 59 ára og er enn meðal fremstu kvennakeilara okkar og var meðal annars valin kvennakeilari ÍR 2016 og 2017. Þetta sýnir glöggð að í keilu getur fólk verið í fremstu röð lengur en í mörgum öðrum íþróttum.

Hjá körlunum komst Stefán Claessen í úrslitin en datt út í fyrsta leik og endaði því í 3. sæti. Glæsilegur árangur engu að síður hjá ÍR-ingum á mótinu.

Alls tóku 24 karlar og 24 konur þátt í mótinu í ár og er þetta



Ástrós Pétursdóttir ÍR og Gústaf Smári Björnsson KFR Íslandsmeistarar kvenna og karla í keilu 2018.

líklega mesti fjöldi kvenna sem tekið hefur þátt á Íslandsmóti

hingað til. ÍR átti 11 þátttakendur hjá konum eða flesta frá einu félagi og komust 7 þeirra áfram í 12 manna milliriðil og 4 í 8 manna úrslit. Vel gert hjá ÍR konum. Hjá körlum voru það 9 ÍR keilarar sem tóku þátt og komust 7 þeirra áfram í 16 manna úrslitin og 5 þeirra í 8 manna úrslit, vel gert þar líka.

Á mótinu í ár náði Andrés Páll Júlíusson úr ÍR sínum þriðja fullkomna leik í móti þegar hann spilaði 300 í forkeppninni og er þetta hans annar 300 leikur á árinu en hið ný náði hann á WOW-RIG móti ÍR í byrjun febrúar. Andrés Páll var einn þeirra sem komst í 8 manna úrslitin og endaði í 7. sæti.

Ástrós Pétursdóttir ÍR og Gústaf Smári Björnsson KFR Íslandsmeistarar kvenna og karla í keilu 2018.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Viðavangshlaup ÍR á sumardaginn fyrsta



Viðavangshlaup ÍR verður haldið í 103. sinn á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl. Hlaupið er fimm km. götuhlaup en einnig er hægt að taka þátt í 2,7 km skemmtiskokki. Viðavangshlaup ÍR var fyrst haldið á sumardaginn fyrsta árið 1916 og hefur síðan þá verið órjúfanlegur þáttur í hátíðahöldum dagsins í Reykjavík, en enginn íþróttaviðburður hér á landi á jafn langa samfellda sögu.

Frá upphafi hefur hlaupaleiðin verið tengd miðbænum þótt ýmsar breytingar hafi verið orðið á henni. Viðavangshlaup ÍR er jafnframt Íslandsmótið í 5 km götuhlaupi og fyrsta hlaup sumarsins í Poweraid hlauparöðinni. Flestir bestu hlauparar landsins munu taka þátt og búast má við harðri baráttu um sæti og tíma. Skemmtiskokkið er frábær skemmtun fyrir foreldra og börn sem vilja gera sér glaðan dag og fagna sumri með því að hlaupa saman. Viðavangshlaup ÍR hefst stundvíslega kl. 12 og skemmtiskokkið 10 mínútum síðar. Sem fyrr verður hlaupið í miðborginni, sem skapar góða stemningu meðal hlaupara og vegfarenda, enda er auðvelt að fylgjast með og hvetja hlauparana áfram. Viðavangshlaup ÍR verður ræst í Tryggvagötu við Pósthússtræti en skemmtiskokkið fyrir framan MR í Lækjargötu. Endamark beggja er við Hitt húsið á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis. Forskráning er á hlaup.is til miðnættis miðvikudaginn 18. apríl. Einnig verður hægt að skrá sig í ÍR heimilinu þann 18. apríl milli kl. 16:30-19:00. Á hlaupdag verður hægt að skrá sig í Hinu húsinu milli kl. 9:30 og 11:00. Þátttakendur eru hvattir til þess að mæta tímanlega á keppnisstað og hafa hugfast að það getur tekið nokkurn tíma að leggja bílum í miðbænum Bent er á bílastæði t.d. í Hörpu og Ráðhúsi Reykjavíkur.

Heimasíða
www.ir.is



Sími: 588 9705
www.skautahollin.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

HAGSTÆTT FYRIR HEIMILIÐ



Kjörfugl bringur
1.599
kr. kg.



D Léttmjólk 1L
149
kr. stk.



Myllu heimilisbrauð
349
kr. stk.



Iceland